

verður eigi hjá því komist að dæma hann til að greiða stefndu málskostnað, eins og málalok hafa orðið. Þykir sá málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Trabantumboðið og Brunabótafélag Íslands, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Magnúsar Fr. Árnasonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu kr. 5.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. febrúar 1974.

Nr. 69/1973: **Pétur Axel Jónsson**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f

(Hákon Árnason hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramennir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfégeta í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. maí 1973. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi samþykkir kröfu áfrýjanda um, að hin áfrýjaða

fjárnámsgerð verið felld úr gildi, svo og kröfu hans um hæfilegan málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðiljar eru sammála um, að gallar séu á hinni áfrýjðu fjárnámsgerð, og er á það fallist. Þeir hafa krafist ógildingar hennar. Ber því að fella hana úr gildi. Stefndi hefur samþykkt kröfu áfrýjanda um málskostnað fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Stefndi, Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði áfrýjanda, Péttri Axel Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 2. maí 1973.

Ár 1973, miðvikudaginn 2. maí, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skólavörðustíg 11 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Jóni P. Emils með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A—682/1973: Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f gegn Péttri Axel Jónssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 sátt bæjarþings Reykjavíkur nr. 5006/1968. Nr. 1 fylgir með í eftirriti. Nr. 2—3 í frumriti, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Kristjánsson, cand jur., vegna Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 24.000.00, birtingarkostnaði, kr. 170.00, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er ekki viðstaddur.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu votta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni R 33599, sem er Fiat 1800, 5 manna, af árgerðinni 1973. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.